

Ed.

647. Breytingartillögur

[46. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 3. gr.
 - a. 1. másl. orðist svo:

Framlag ríkisins vegna fjárskipta skal miða við fjártölu samkvæmt skattaframtali fyrir árið áður en fjárskipti hefjast á þeim svæðum, sem bótaskyld eru á hverjum tíma.
 - b. 2. másl. falli niður.
2. Við 4. gr.
 - a. Í stað orðanna „tveggja næstu ára á undan“ í 2. másl. 1. mgr. komi: þess árs, er niðurskurðurinn fer fram.
 - b. Aftan við 2. másl. 1. mgr. bætist:
 1. Þó ekki yfir kr. 85.00 á bótaskylda kind.
 2. Hámark þetta skal taka til bóta á árinu 1949 og framvegis.
 - c. 2. másl. 5. mgr. orðist svo: Sauðfjársjúkdómanefnd er heimilt að gera sérstakar ráðstafanir, ef nauðsynlegt þykir, til þess að tryggja, að fjáreigendur fái keypt 50% af bótaskyldri lambatölu ár hvert, og heimilast í því skyni eignarnám, enda komi fullt verð fyrir.
3. Við 5. gr. Við 1. másl. bætist: eða styrkja þá til að breyta yfir í aðra framleiðslu, er veiti þeim eigi minni bætur, enda sé það hagkvæmara fyrir ríkissjóð að dómi nefndarinnar.
4. Við 6. gr. 6. mgr. orðist svo:

Skuldabréf þessi skulu vera fullgild til greiðslu sem hér segir:

 1. Á skuldum vegna vaxta og afborgana fasteignalána, er þeir aðilar skulda, sem tekið hafa bréfin upp í bótagreiðslur samkvæmt lögum þessum.
 2. Á öllum opinberum gjöldum til ríkissjóðs.
 3. Á skuldum við verzlani þær, sem viðkomandi aðilar skipta við á bótatímabilinu.
 4. Á lausaskuldum ríkissjóðs við Landsbanka Íslands.